

1865.

15. des.

vert síðan að hún var samin. Kom því fram á þinginu það breytingaratkvæði, að í stað orðanna í 1. grein frumvarpsins: „er samin var árið 1853 og allramildilegast staðfest . . .” væri sett: „er samin var árið 1853, en sú brauðamatsgjörð skal endurskoðuð á hverjum 15 ára fresti, og síðan allramildilegast staðfest.” Hinn síðasti kafli breytingaratkvæðisins þókti samt svo ólögulegur, að þingið þóktist ekki geta fallizt á uppástunguna þannig orðaða; en með því endurskoðun brauðamatsgjörðarinnar samt sem áður var álitin nauðsynleg, samþykkti þingið, að þessa skyldi getið í ástæðum álitsskjalsins til konungs, svo að stjórninni yrði kunn ósk alþingis um þetta efni. Konungsfulltrúi lagði líka fram með þessari ósk þingsins í álitsskjali sínu, og þókti stjórninni vera gildar ástæður til að taka hana til greina. En með því að líklegt er, að endurskoðunin gjöri að verkum, að brauð þau, er talin eru upp í 2. grein, og nefnd eru aðalbrauð, verði ekki ávallt hin sömu, var álitið réttast að sleppa upptalningu þessari, og það því fremur, sem hún í sjálfu sér er óþörf, þar sem aðalreglan, að konungur skuli veita þau brauð, sem eru metin 700 rdl. eða þar fram yfir, verður hin sama. Af sömu ástæðu var orðunum í 3. grein frumvarpsins: „brauðamatsgjörð þeirri, er samin var árið 1853” breytt í: „brauðamatsgjörð þeirri, er getið er um í 1. grein”, og áþekk breyting gjörð í 2. lið 7. greinar.

99. Bréf dómsmálastjórnarinnar til sýslumannsins í Norðurmúlasýslu, um eptirgjöf á lestagjaldi.

18. des.

Í bréfi 7. októbermán. þ. á. hafið þér, herra sýslumaður, skýrt frá, að hollenzk skonnorta, Concordia að nafni, frá Veen-dam, 44^{1/2} lesta stór, er kom með kolafarm til hvalaveiðamann-anna Roys og Lilliendahls, hafi brotnað á Seyðisfirði aðfaranóttina 13. dag septembermán. s. á. og sokkið áður en búið var að skipa neinu af farminum upp og án þess að neinu yrði bjargað nema einum bát. Hafið þér fyrir hönd skipstjórans J. U. Boek-

1865.
18. des.

houts sókt um, að honum verði gefið upp gjaldið fyrir leiðarbréf það, er hann hefir fengið hjá sýslumanninum í Suðurmúlasýslu handa skipinu; hefir hann ekki greiðt gjaldið ennþá, en það er 89 rdl. að upphæð.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórninni eptir því, hvernig ástatt er, ekki þykir vert að krefjast þess, að lestagjald það, er hér ræðir um, sé borgað, og hefir í dag verið hlutast til, að verzlunarfulltrúi konungsins í Niðurlöndunum hér í bænum mun gefa útgjörðarmanni skipsins, D. Evers í Veendam, vitneskju um þenna úrskurð.

28. des.

100. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um ábyrgð pósta-afgreiðslumanna fyrir burðareyri.

Með bréfi 19. júnímán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað skjal nokkurt; í því ber Stefán Thórarensen, sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu, sig upp undan því, að með úrskurði, er lagður hefir verið á útásetningarnar við reikninginn fyrir tekjum og útgjöldum póstanna á Íslandi árið 1863—64, hafi sér verið gjört að skyldu að ábyrgjast burðareyri fyrir bréf, er send höfðu verið með gufu-póstskipinu til Reykjavíkur og þaðan til pósta-afgreiðslustaðarins í Eyjafjarðarsýslu, en ekki hafði verið borgað undir. Beiðist hann úrskurðar dómsmálastjórnarinnar um það, hvort konungsbréf 8. júlímán. 1779 um póstgöngur á Íslandi og sérilagi 5. grein þess sé numið úr lögum eður eigi, með því að hann ætlar, að ef konungsbréfið sé enn í gildi, þá leiði af því sem þar er fyrir skipað, að það sé ekki skylda sýslumannsins, sem þess, er afgreiðir póstana, að heimta saman burðareyri fyrir bréf þau, er koma með pósti, og ekki hefir verið borgað undir, þar sem ef til vill ekki er unnt að spyrja þann upp, sem bréfið er til, heldur verði sá, sem tekið hefir við bréfinu án þess að heimta borgun undir það, að ábyrgjast burðareyrinn, með því að bannað er í konungsbréfinu að taka við slíkum bréfum.